

AUGLÝSING

um deiliskipulag Skálmholtstúns í Villingaholtshreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt byggingar- og skipulagslögum nr. 73/1997 hafa sveitarstjórnir Villingaholtshrepps, þann 18. ágúst 2003, og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þann 26. ágúst 2003, samþykkt deiliskipulag Skálmholtstúns. Deiliskipulagið nær til um 70 ha lands úr jörðinni Skálmholti í Villingaholtshreppi og um 4 ha lands úr landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tillagan gerir ráð fyrir einu heilsárshúsi og að stundaður verði landbúnaður á jörðinni. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir fjórum frístundahúsum á landareigninni.

Deiliskipulagsuppráttur og greinargerð lágu frammi til auglýsingar frá 26. júní til 24. júlí 2003 og frestur til þess að skila inn athugasemdum rann út 7. ágúst sl. og hafa því hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 4. september 2003. Villingaholtshreppi, 4. september 2003.

Ingunn Guðmundsdóttir,
sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Bjarki Reynisson,
oddviti Villingaholtshrepps.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, Dynskógar og land Hraunbæjar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í breytingu á landnotkun úr landbúnaðarsvæði (ylrækt) í íbúðarsvæði í landi Hraunbæjar og breytingu á stofnanasvæði í íbúðarsvæði við Dynskóga.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.